



Reykjavík, 11. febrúar 2021

R11060102

6610

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Aðalskipulag Reykjavíkur - sértæk búsetuúrræði

Á fundi borgarráðs þann 11. febrúar 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. febrúar 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. febrúar 2021 á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi sértæk búsetuúrræði og landnotkun, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að skapa aukinn sveigjanleika svo mögulegt verði að staðsetja nýjar húsnæðislausnir fyrir fólk í neyð með eins skjótum hætti og kostur er. Hér er verið að fylgja eftir stefnumörkun húsnæðisáætlunar og stefnu í málefnum heimilislausra.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Ein af aðaláherslum Flokks fólksins er að berjast fyrir því að allir hafi öruggt húsaskjól. Skylda samfélagsins er að sjá til þess að allir hafi þak yfir höfuð sitt, stað sem þeir geta kallað heimili sitt. Heimili er ekki einungis skjól fyrir kulda og vosbúð. Tengslin við heimilið eru líka háð því að viðkomandi finni að hann er velkomin í hverfið. Reynslan sýnir að oft getur reynst erfitt að skapa sátt um staðsetningu mismunandi búsetuúrræða innan gróinna hverfa, einkum vegna andmæla íbúasamfélagsins en einnig vegna þess að land eða hentugt húsnæði liggur ekki á lausu. Þörf er á að skilgreina svæði sem hægt er að setja upp skammtímahúsnæði og skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna (sértæk búsetuúrræði) innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins. Sveigjanleiki þarf að vera til að koma fyrir fjölbreyttum húsnæðisúrræðum eftir því sem þörf krefur. Við staðarval húsnæðis af þessu tagi þarf að hafa í huga sérþarfir þeirra sem þar eiga

að búa en markmiðið er þeir geti notið sömu umhverfisgæða og nærbjónustu og þeir sem búa í hefðbundnu íbúðarhúsnæði innan hefðbundinnar íbúðarbyggðar. Fyrsti kostur í staðsetningu þessara úrræða hlýtur að verða að vera innan íbúðarhverfa eða blandaðrar byggðar til að geta verið nálægt þjónustu og almenningssamgöngum.



Helga Björk Laxdal
e.u.